

Reglugerð nr. 24 um Upptökur og streymi frá leikjum í meistaraflokki karla og kvenna.

24.1 Aðildarfélög ÍHÍ sem senda lið til keppni í meistaraflokki karla og kvenna eru skuldbundin til þess að bæði streyma frá leikjum í beinni útsendingu og hlaða upp á vef upptöku af leikjum inn á vefsvæði ÍHÍ.

24.2 Streymi frá þessum leikjum skal fara fram á streymisrásum ÍHÍ sem eru hluti af vef Íshökkísambandsins. Upptökum skal hlaðið upp á Youtube eða Vimeo rás sambandsins innan tveggja sólahringa frá því að leik lauk.

24.3 Verði misbrestur á því að leik sé streymt skal framkvæmdastjóri sambandsins vísa máli til aganefndar sem hefur heimild til þess að beita það félag sektum sem ítrekað ekki streymir beint frá leikjum sínum.

24.4 Verði misbrestur á því að félag taki upp og afhendi upptökur af leikjum í meistaraflokki karla og kvenna inn á vef Íshökkísambandsins, skal málið sent til aganefndar sem þá skal beita sektum að upphæð 25 þúsund krónur að lágmarki fyrir hvern leik sem ekki er skilað á innan settra tímamarka í grein 24.2. Sama skal gilda ef upptökur eru sérlega illa unnar eða ófullnægjandi til þess að átta sig á gangi leiksins.

24.5 Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2017 og skal gilda um alla leiki í mfl. karla og kvenna sem leiknir eru eftir það.